

Stjórnarfundur 14.júní 2021 kl 20:20 í Golfskálanum

Fundur settur: Mættir eru Anna María, Garðar, Helga Ingibjörg, Valtýr og Jófríður.

Fundagerð: Fundagerð síðasta fundar lesin yfir og samþykkt.

Fjármál: Enn á 300.000 kr af félagsgjöldum eftir að skila sér, staðan góð hjá klúbbum.

Íslandsmót: Klúbburinn mun sjá um 2.deild kvk sem leikin verður á Bárarvelli helgina 23/7 til 25/7, gera þarf skoðanakönnun hjá konum í klúbbum hvort þær ná í sveit, karlarnir eru að spila í 4.deild og spila helgina 20/8-22/8 í Sandgerði.

Kennsla: Garðar hafði samband við PGA á Íslandi um að fá kennara til að koma í 2-3 vikur 2 daga í senn núna fljótlega og svo aftur í ágúst, en svörin voru að mjög erfitt sé að fá kennara, kanna á líka í nágretta klúbbum hvort hægt verði að sameina kennara fyrir nesið.

Staða verklegra framkvæmda: Steypa þarf fyrir A -skýli við dælustæði á 3.braut best væri að fá Jósef í verkið. Fylla þarf upp í glompur bæði á 6. braut og 7. braut og fá þökur í það.

Starfsfólk: Ræða þarf við Elsu sem og Steinunni um vinnu í skála.

Önnur mál:

Auglýsa hreinsun út úr settagámi. Gefa fólki viku til að sækja sitt dót, allt of mikil óreiða er þar inni, endurskoða hvernig plássið verður nýtt, og hvort félagsmenn vilji halda áfram að leigja pláss fyrir sitt dót.

Næsti fundur: 28. júní kl 20.

Fundi slitið kl 21:15